

Alþingi  
Erindi nr. P/127/1455  
komudagur 25. 3. 2002



Alþingi  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Alþingihúsinu v/Austurvöll  
150

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 22. mars 2002

Tilvísun: DKM02020324/000/DS/--

Vísað er til erindis asllsherjarnefndar Alþingis dags. 27. febrúar 2002 þar sem óskað var eftir að dómsmálaráðuneytið veitti umsögn um frumvarp til barnalaga; 125. mál, faðernismál.

Ráðuneytið upplýsir að sifjalaganefnd, sem er ein af föstum nefndum ráðuneytisins, er að vinna að heildarendurskoðun á barnalögum og mun skila umsögn vegna erindis þessa. Ráðuneytið mun því ekki skila umsög um frumvarpið heldur vísar til umsagnar sifjalaganefndar.

F. h. r.  
e.u.

Dís Sigurgeirsdóttir



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1398  
komudagur 21.3.2002

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til barnalaga, 125. mál, faðernismál**

Með bréfi dagsettu 27. febrúar sl. var Dómsstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.


Dómsstólaráð hefur tekið frumvarpið til skoðunar.

Efnislegar athugasemdir varða einkum 7. gr. frumvarpsins. Ráðið leggur til að greinin orðist svo:

„Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómping með aðilum, óski þeir þess”.  
Ekki þykir eðlilegt, að fulltrúar barnaverndarnefnda hafi heimild til að sækja lokuð þinghöld í málum sem þessum, í trássi við vilja málsaðila.

Þá vill Dómsstólaráð einnig benda á mikilvægi þess að endurskoðuð verði refsíákvæði barnalaga.

F.h. Dómsstólaráðs

  
Elín Sigrún Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1646  
komudagur 5.4. 2002

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2002.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 20/1992. Þskj. 125 – 125. mál. 127. löggjafarþing 2001-2002.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Með frumvarpinu er brugðist við þeim lagalega annmarka, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands frá 18. desember 2000, í málinu nr. 419/2000, varðandi rétt föður til að höfða faðernismál er móðir barns feðrar ekki barn sitt. Laganefndin lýsir ánægju sinni með þá réttarbót sem frumvarpið felur í sér að þessu leyti. Nefndin telur þó jafnframt rétt að vekja athygli á því misræmi sem verður á rétti feðra samkvæmt íslenskum lögum, ef frumvarpið nær fram að ganga, þar sem réttarstaða föður, sem á barn sem *ekki* hefur verið feðrað samkvæmt ákvæðum II. kafla barnalaga, verður betri en réttarstaða föður, sem á barn sem *ranglega* hefur verið feðrað samkvæmt ákvæðum sama kafla. Faðir barnsins sem ekki hefur verið feðrað ætti þess kost að fá dóm um faðerni þess í faðernismáli samkvæmt A-lið VII. kafla barnalaganna, en faðir þess barns sem ranglega hefur verið feðrað ætti ekki kost á því að höfða mál til vefengingar á faðerni barnsins eða til ógildingar á faðernisviðurkenningu, sbr. B-lið VII. kafla barnalaga.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jakob R. Möller, hrl.  
formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/1456*  
*komudagur 25. 3. 2002*

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

DÓMS - OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: [postur@dkm.stjr.is](mailto:postur@dkm.stjr.is)  
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 18. mars 2002

Tilvísun: DKM02030004/163-1/KK/--

Með vísun til bréfs yðar, f.h. allsherjarnefnnefndar Alþingis, til sífjalaganefndar, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til barnalaga, 125. mál, faðernismál, sendir sífjalaganefnd yður hér með umsögn sína um framangreint frumvarp. Sífjalaganefnd er skipuð þeim Páli Hreinssyni prófessor, Drífu Pálsdóttur skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Valborgu Þ. Snævarr hrl.

Sífjalaganefnd hefur að undanfögnu unnið að heildarendurskoðun barnalaga og eru drög nefndarinnar að frumvarpi til nýrra barnalaga nánast fullbúin. Stefnir dómsmálaráðherra á að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi.

Í framangreindum frumvarpsdrögum sífjalaganefndar eru lagðar til breytingar á aðild að faðernismálum. Eru ákvæðin reyndar ekki alveg samhljóða þeim sem fram koma í frumvarpi þvi sem hér er til umsagnar, en stefnt er að öllum sömu markmiðum með þeim. Sem fyrr segir er um heildarendurskoðun barnalaga að ræða, og eru önnur ákvæði frumvarpsdraga sífjalaganefndar felld að þeim breytingum sem lagðar eru til um aðild að faðernismálum.

F. h. sífjalaganefndar



Kristrún Kristinsdóttir, ritari sífjalaganefndar